

2. gr.

Niðurfelling aðflutningsgjalda skv. 1. gr. er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- a) Innflytjandi leggi stund á framleiðslu iðnaðarvara og lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni að hin innflutta vara verði eingöngu notuð sem efnivara til þeirrar framleiðslu eða innflytjandi lýsi því yfir í aðflutningsskýrslu að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknað í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindu iðnfyrirtæki og framvísi jafnframt yfirlýsingu frá framleiðanda (framleiðendum) nefndra vara um að viðkomandi vörusending (hluti vörusendingar) sé keypt fyrir hans atbeina eða verði keypt af honum til nefndrar framleiðslu eingöngu.
- b) Tollyfirvaldi sé heimill aðgangur að bókhaldsgögnum sé það talið nauðsynlegt til að ganga úr skugga um hvort verð eða önnur atriði í aðflutningsskýrslum, sölu- eða vöruheikningum eða staðfestingargögnum séu eða hafi verið rétt tilgreind.

3. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar svo og misnotkun ívilunar sem veitt hefur verið samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m.a. varðað við 63. og 67. gr. laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brota á reglum þessum fer að hætti opinberra mála.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 17. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, sbr. 3. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 758 28. desember 1981 um sama efni svo og þau fyrirmæli önnur er brjóta kunna í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Fjármálaráðuneytið, 10. febrúar 1984.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson

Ingólfur Friðjónsson

AUGLÝSING

um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir fyrri helming ársins 1984, með gjalddaga 1. mars nk., hafa verið ákveðin sem hér segir:

	Kr
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit	1 823
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu	1 446
Hljóðvarpsgjald (þ. e. ef greitt er af hljóðvarpi eingöngu)	456

Menntamálaráðuneytið, 7. febrúar 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.